

NÁMSVÍSIR

fyrir
starfsmenntun
stuðningsfulltrúa

Grunnnám

Efnisyfirlit

Forsaga námsins	3
Uppbygging námsins - námskjarnar	5
Hugmyndafræði	6
Siðfræði	6
Virðing og viðhorf.....	7
Áföll	8
Erfðafræði	8
Sálfræði	9
Mál og tal.....	9
Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir	10
Lyfjafræði.....	10
Lýðheilsa	11
Samstarf við fjölskyldur	11
Almenn stjórnslásla, lög og reglugerðir	13
Greining og mat.....	13
Velferðarþjónustan.....	14
Vinumarkaðurinn.....	15
Þjónustuáætlanir.....	17
Búseta.....	17
Atvinna	18
Endurmenntun og fullorðinsfræðsla	19
Frístundir	19

Forsaga námsins

Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á fyrirkomulagi og eðli þjónustu við fatlaða. Þær eru einkum fólgnar í breyttri hugmyndafræði og viðhorfum til þeirra sem við fötlun búa. Áður fyrr var ekki gert ráð fyrir að fatlaðir hefðu möguleika á að læra og þroskast eins og annað fólk heldur var litið á fötlun sem ástand sem ávallt fylgdi erfiðleikar og vonbrigði en fá tækifæri til þroska og þróunar.

Á áttunda áratug síðustu aldar tóku viðhorf að breytast. Farið var að líta á fatlaða sem fullgilda einstaklinga sem ættu sama rétt til lífsgæða og aðrir þjóðfélagsþegnar. Þessar breytingar leiddu meðal annars til þess að farið var að skoða í ríkari mæli hvernig starfsfólk gæti veitt þá þjónustu sem þessar breytingar gerðu kröfu um. Ýmsir rekstraraðilar í þjónustu við fatlaða fóru að bjóða upp á nám og þjálfun með það að markmiði að auka þekkingu og færni starfsmanna og þannig um leið gæði þjónustunnar.

Á árinu 1993 hófust umræður um nauðsyn þess að samræma námskeiðshald og skilgreina starfsnám í kjarasamningum. Félagsmálaráðuneytið, Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR) og Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra tóku höndum saman og buðu grunnnám og síðar framhaldsnám fyrir starfsfólk á heimilum og stofnunum fyrir fatlaða og fyrir börn og unglunga í vanda. Þau námskeið voru starfrækt um nokkurra ára skeið, eða þar til Þróunar- og símenntunarsjóður SFR yfirtók rekstur þeirra, en umsjón með framkvæmdinni hafði SFR. Nú þegar þessi námsskrá lítur dagsins ljós í maí 2002 er rekstur námskeiðanna og umsjón í höndum Fræðslusetursins Starfsmennt.

Markmið með náminu

Markmiðið með náminu er að auka þekkingu og færni þeirra starfsmanna sem starfa í þjónustu við fatlað fólk á Íslandi. Með því er stuðlað að auknum lífsgæðum fatlaðra á sviði líkamlegrar, efnislegrar, félagslegrar og tilfinningalegrar vellíðunar, sem leitt getur af sér virkari þátttöku þeirra í samfélaginu. Með þetta markmið að leiðarljósi er boðið upp á nám sem inniheldur fjölbreytta kennslu og þjálfun á sviði félags-, sálar- og uppeldismála.

Auk annars er lögð áhersla á að;

- auka faglega vitund og skilning þeirra starfsmanna sem starfa við að veita fólki með fötlun þjónustu,
- styrkja jákvætt viðmót og viðhorf meðal þeirra starfsmanna sem veita fólki sem býr við fötlun þjónustu,
- auka almenna og sértæka færni þeirra starfsmanna sem veita fólki sem býr við fötlun þjónustu.

Frá nefnd um endurskoðun námsskrár

Skipulagning og framkvæmd starfsnáms fyrir stuðningsfulltrúa hefur frá upphafi einkennst af miklum metnaði. Meðal annars hefur ætíð verið lögð rík áhersla á að fá kennara til starfa sem hafa mikla og góða þekkingu á því námsefni sem kennt hefur verið. Afar brýnt er að námskeiðin séu sífellt í endurskoðun svo þau séu á hverjum tíma í samræmi við þarfir þeirra sem málið varðar og það hefur verið trú þeirra sem að námskeiðunum hafa staðið að ávinningurinn væri ótvíræður. Bæði birtist hann í aukinni þekkingu og færni stuðningsfulltrúa í starfi, en ekki síður í sjálfsþroska þeirra sjálfra sem auðgað hefur þá og eflt í lífi og starfi.

Í þessum endurskoðaða námsvísi er horft til þeirra breytinga sem orðið hafa á eðli og innihaldi þjónustunnar á undanförunum árum. Forsendur námsins eru betur skilgreindar ásamt því að námsgreinar eru settar í þemaflokka sem draga fram þær áherslur sem í náminu eru. Það er von þeirra sem unnið hafa að endurskoðun þessari að námið verði skilvirkara og mæti enn betur en áður þörfum notenda þjónustunnar.

Nefnd um endurskoðun námsvísisins skipuðu:

Erna Einarsdóttir þroskaþjálfari

Salóme Þórisdóttir þroskaþjálfari

Þór Þórarinsson þroskaþjálfari

Uppbygging námsins - námskjarnar

Kjarni 1 – Grundvallarhugmyndir

Námsgreinar:	kest.
Hugmyndafræði	6
Siðfræði	6
Virðing og viðhorf	4

Kjarni 2 - Manneskjan og þarfir hennar

Áföll	8
Erfðafræði	12
Sálfræði	26
Mál og tal	4
Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir	6
Lýðheilsa	6
Lyfjafræði	4
Samstarf við fjölskyldur	10

Kjarni 3 - Skipulag þjónustunnar

Velferðarþjónustan	10
Vinumarkaðurinn	5
Almenn stjórnslásla, lög og reglugerðir	4
Greining og mat	3

Kjarni 4 - Framkvæmd þjónustunnar

Frístundir	8
Endurmenntun og fullorðinsfræðsla	8
Atvinna	8
Búseta	12
Þjónustuáætlanir	10
Samtals	160

Leiðarljós í náminu:

- fagleg vitund og skilningur
- jákvætt viðhorf og viðmót
- góð færni og mikla geta

Kjarni 1 - Grundvallarhugmyndir

Hugmyndafræði

Stundafjöldi:

6 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur læri grunnatriði þeirrar hugmyndafræði sem unnið er eftir í þjónustu við fólk með fötlun í nútímasamfélagi. Að þeir öðlist skilning á helstu hugtökum og öðlist færni til að nota þau við raunverulegar aðstæður. Að þeir þekki lykilhugtök sem notuð eru og geti hagnýtt sér hugmyndir um normun og blöndun í reynd.

Námsefni:

Rætt um tengsl milli hugmyndafræði, markmiða og aðferða. Nemendum kynntar þær meginhugmyndir sem koma fram í lögum, reglugerðum og öðrum viðmiðunum um málefni fatlaðra. Kynntar þær breytingar sem urðu á framkvæmd þjónustunnar þegar hugmyndafræði um normun og blöndun var lögfest og farið í skilgreiningar sem liggja þar að baki. Fjallað um hvernig hugmyndafræði hefur áhrif á gildismat fólks og getur leiðbeint því við að tileinka sér vönduð vinnubrögð og gæði í þjónustu.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Siðfræði

Stundafjöldi:

6 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur þekki helstu hugtök siðfræðinnar og tengi þau aðstæðum í starfi sínu. Mikil áhersla er lögð á virðingu fyrir einstaklingnum, þagnarskyldu og trúnað, og að nemendur geri sér grein fyrir þeim siðareglum sem almennt gilda í þjónustu við fólk.

Námsefni:

Farið yfir fyrirbyggjandi efni um siðfræði heilbrigðis- og meðferðarstétta og skoðuð helstu hugtök og markmið siðfræðinnar. Farið yfir hvernig nemandinn öðlast innsýn í eigin viðhorf og annarra og verði þannig betur í stakk búinn til að veita þjónustu sem er í samræmi við hugmyndafræði og markmið þeirra starfa sem hann mun hafa með höndum. Fjallað um samskipti milli starfsmanna og notanda þjónustunnar, þar á meðal um aðgreiningu á starfi og einkalífi.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Virðing og viðhorf**Stundafjöldi:**

4 kennslustundir.

Námsmarkmið:

Að nemendur hafi forsendur til að setja sig í spor þeirra sem búa við fötlun, geti beitt gagnrýnni hugsun gagnvart framkvæmd þjónustunnar og virði manngildi þeirra sem nota þjónustuna. Að rækta jákvæð viðhorf hjá nemendum og efla skilning þeirra á þeim viðhorfum sem einkennt hafa þjónustu við fatlaða.

Námsefni:

Farið yfir mikilvægi þess að virða einkalíf, skoðanir og sérkenni notanda og aðstandenda hans. Fjallað um framkvæmd þjónustunnar og hvernig þarf að laga hana að þörfum fólks með fötlun og sýna því þannig þá virðingu sem það á rétt á. Hvernig styrkja þarf jákvæða sjálfsmynd notanda þjónustunnar og stuðla að auknu sjálfstæði hans með því að sýna virðingu og jákvæð viðhorf. Rætt um virðingu í skriflegum gögnum og umgengni við þau og skilning á mikilvægi þess að virða trúnað.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Kjarni 2 - Manneskjan og þarfir hennar

Áföll

Stundafjöldi:

8 kennslustundir.

Markmið:

Að gera nemendum grein fyrir þeim áhrifum sem fólk verður fyrir við mikil áföll í lífinu, svo sem að eignast fatlað barn, eiga ungling í erfiðleikum, að sjúkdómur uppgötvast, alvarlegur atburður gerist í starfi, o.s.frv.

Námsefni:

Fjallað um viðbrögð og afleiðingar áfalla og mismunandi stig sálrænnar kreppu, einkenni hennar og leiðir til lausnar. Teknar fyrir helstu kenningar um þessi efni.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Erfðafræði

Stundafjöldi:

12 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur kynnist helstu flokkum fötlunar, orsökum og algengi. Fjallað um erfðafræði í tengslum við málefnið.

Námsefni:

Greint frá fósturþróun og orsökum fötlunar, svo sem litningagöllum og efnaskiptasjúkdómum.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Sálfræði

Stundafjöldi:

26 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur kynnist eðlilegum þroskaferli mannsins og helstu kenningum á því sviði. Að nemendur kynnist þeim kenningum sem settar hafa verið fram um persónuleika mannsins og fái aukinn skilning á tengslum einstaklings og samfélags, ásamt þekkingu á þeim lögmálum og reglum sem gilda um stærri og minni hópa.

Námsefni:

Farið yfir þroskaferil mannsins frá bernsku til fullorðinsára. Fjallað um líkamlegan, vitsmunalegan, tilfinningalegan og félagslegan þroska. Kynntar þekktustu kenningar um þroska mannsins og þroskahugtakið útskýrt, fjallað um nám og námskenningar og greindarhugtakið skýrt.

Fjallað um einstaklinginn og hópinn, mikilvægi hópa og áhrif þeirra á einstaklinginn, t.d. meðferðarlegt gildi hópsins. Jafnframt fjallað um þær reglur sem gilda í hópum, um hlutverk einstaklings í hóp, samskipti, tengsl og gildi hópsins fyrir einstaklinginn á mismunandi aldurs skeiðum.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Mál og tal

a) Málþroski b) Mál og talmeið

Stundafjöldi:

4 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur öðlist innsýn í þróun máls og tals og notkun málsins til tjáskipta og kynnist ýmsum frávikum í máli og tali.

Námsefni:

Fjallað um málþroska og frávik í málþroska, mál og talmeið.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir

Stundafjöldi:

6 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur fái innsýn í óhefðbundnar tjáskiptaleiðir í starfi með fötluðu fólki.

Námsefni:

Fjallað um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Nemendur kynnst ýmsum tjáningaraðferðum, sem nýtast fólki sem ekki getur tjáð sig með tali. Aðferðir sem kynntar verða eru meðal annars samskipta/boðskiptatöflur, tákn með tali og Bliss táknmál.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Lyfjafræði

Stundafjöldi:

4 kennslustundir

Markmið:

Að nemendur þekki helstu lyfjaflokka og áhrif þeirra. Að nemendur öðlist þekkingu og færni í að meðhöndla helstu lyfjaform samkvæmt notkunarfyrirmælum.

Námsefni:

Fjallað um algenga lyfjaflokka og lyf, áhrif lyfja á líkamann, frásog og aukaverkanir. Áhersla lögð á umfjöllun um lyf og lyfjameðferð við flogaveiki og geðrænum vandamálum.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Lýðheilsa

Stundafjöldi:

6 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur kynnist hugmyndum og kenningum um lýðheilsu og stefnum sem stuðst er við þegar hugtakið er rætt. Einnig hvernig hugmyndafræði og hugtök lýðheilsu tengjast öðrum greinum. Að nemendur öðlist þekkingu á mikilvægi heilbrigðs lífnis sem fyrirbyggjandi þátt í daglegu lífi fólks.

Námsefni:

Kynnt hugtök, kenningar, skilgreiningar, stefnur og þjónustuleiðir er tengjast lýðheilsu. Fjallað um áhrif lífshátta á heilbrigði. Skoðað samspil erfða, umhverfis og lífsvenja, auk geðræktar. Rætt um leiðir til að hafa áhrif á neysluvenjur. Auk þess verður nemendum gerð grein fyrir helstu smitleiðum og sýkingavörnum.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Samstarf við fjölskyldur

Stundafjöldi:

10 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur fái innsýn í þá þætti sem snúa að samstarfi við fjölskyldur. Að nemendum séu kynntir aðalþættir samtalstækni og þeir verði þannig færari í að nota árangursríkar aðferðir í samstarfi við fjölskyldur.

Námsefni:

Grunnkynning á helstu þáttum í árangursríku samtali. Farið yfir tæknileg atriði sem lúta að árangursríku samtali, svo sem að hlusta, setja sig í spor annarra og sýna þannig raunverulegan áhuga á aðstæðum annarra. Fjallað er sérstaklega um samstarf við fjölskyldur, uppbyggileg samskipti og virðingu í samskiptum. Farið í hvernig hinum ýmsu viðbrögðum aðstandenda er mætt og það hlutverk sem starfsfólk tekur að sér í samskiptum við fjölskyldur skoðað. Rætt um ábyrgð starfsmanns og hlutverk.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Kjarni 3 - Skipulag þjónustunnar

Almenn stjórnslá, lög og reglugerðir

Stundafjöldi:

4 kennslustundir.

Markmið:

Að lýsa markmiðum og skipulagi þeirrar stjórnslá sem hefur bein eða óbein áhrif á starfsvettvang nemenda.

Að nemendur kunni skil á og geti leitað sér skýringa í helstu lögum og reglugerðum sem lúta að starfi þeirra.

Að nemendur fái innsýn í réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Námsefni:

Fjallað um þá stjórnslá sem tengist starfsvettvangi nemenda og hlutverk laga og reglugerða í stjórnkerfinu. Kynnt helstu lög sem snúa að starfinu, meðal annars lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um málefni fatlaðra og lög um almannatryggingar.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Greining og mat

Stundafjöldi:

3 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur fái almenna kynningu á starfsemi greiningarteymis fyrir 0-6 ára við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og því vinnulagi sem greiningarteymið notar við frumgreiningu á börnum.

Að nemendur fái greinargóða kynningu á starfi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Að nemendur fái almenna kynningu á starfsemi Barna- og unglíngageðdeildar Landspítala – Háskólasjúkrahúss (Bugl).

Námsefni:

Farið yfir helstu verkefni greiningarteymis Heilsuverndarstöðvarinnar og hvernig það starfar. Ferli frumgreiningar kynnt og rætt um hvað gerist í framhaldi þess.

Farið yfir hvaða forsendur þurfa að vera til staðar til þess að barni sé vísað til Greiningarstöðvarinnar, því lýst hvernig þjónusta er háttáð við börnin og foreldra þeirra og hvað tekur við þegar greiningu er lokið.

Farið yfir helstu skilgreiningar á geðheilsu og geðröskun og þá þjónustu sem Bugl veitir börnum og unglingum sem þurfa á sérfræðiþjónustu vegna þessara þátta að halda. Starfseminni lýst og hvernig hinir ýmsu samstarfsaðilar koma að þjónustunni.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Velferðarþjónustan

Stundafjöldi:

10 kennslustundir.

Markmið:

Að gefa nemendum yfirlit yfir velferðarkerfið og meginstoðir þess á raunverulegum og nærtækum grunni.

Námskeiðið byggir mjög á raunhæfum dæmum, t.d. greiningu á atriðum og atburðum úr lífi og starfi og nemendanna. Lögð er mikil áhersla á upplýsingaöflun og miðlun, m.a. með leiðbeiningum um netnotkun og aðra gagnaöflun.

Námsefni:

Á námskeiðinu verður farið í grundvallaruppbyggingu og einkenni velferðarsamfélagsins, hvernig lög, reglur og samningar tryggja tilvist þess. Ennfremur hvaða aðrir þættir þurfi að vera til staðar til þess að þjóðfélag geti kallast velferðarþjóðfélag. Skoðaðar verða breytingar á íslenska velferðarkerfinu undanfarin ár og þær bornar saman við breytingar í nágrannalöndunum. Einnig verða kannaðar ástæður þess að íslenska kerfið hefur ekki þróast á sama hátt og hin norrænu kerfin.

Í kennslunni verður lögð mikil áhersla á leiðir til öflunar upplýsinga og miðlunar þeirra. Má þar nefna aðgang að lögum og reglum, upplýsingabæklinga Tryggingastofnunar ríkisins, Félagsþjónustunnar o.s.frv. Upplýsingaþátturinn er einnig kannaður á netinu. Vægi upplýsingaþáttarins felst ekki síst í því hvernig stjórna má með

upplýsingastreymi, t.d. hvernig halda má í fjármuni með því að takmarka upplýsingagjöf.

Farið verður yfir helstu löggjöf á starfssviði nemendanna og þau hugtök sem eru helstu örlagavaldar í þróun íslenskrar samfélagsgerðar í dag. Má þar nefna einkarekstur, einkavæðingu, einkaframkvæmd, sjúkdómsvæðingu, sambýli, sérbyli, útgjöld, gjaldtöku og biðraðir.

Á námskeiðinu er lögð áhersla á virkni nemenda t.d. við öflun efnis úr hversdagslífinu og greiningu raunhæfra dæma úr lífi og starfi.

Gestafyrirlesarar með reynslu og þekkingu á sviði velferðarmála munu verða á námskeiðinu.

Námsmat:

Frammistaða nemenda er metin á grundvelli tímaverkefna.

Vinumarkaðurinn

Stundafjöldi:

5 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur þekki þau grundvallaratriði sem lúta að starfi og skipulagi á íslenskum vinnumarkaði.

Að þeir þekki helstu þætti trúnaðarmannakerfis Starfsmannafélags ríkisstofnana og helstu þætti í góðu ráðningarferli og ráðningarviðtölum. Framsetning auglýsinga skoðuð ásamt efni og innihaldi ráðningarsamninga.

Að nemendur viti hvernig staðið er að leiðsögn og áminningu og kunni skil á helstu ákvæðum sem gilda gagnvart veikindarétti, orlofsrétti, tryggingum og fleira.

Að nemendur þekki helstu atriði er lúta að skipulagningu vinnunnar og helstu þætti hvíldarákvæða.

Að nemendur fái innsýn í hvaða leiðir eru færar ef viðkomandi verður atvinnulaus.

Námsefni:

Fjallað um mikilvæg atriði sem varða vinnumarkaðinn og sérstaklega horft til þess vinnulags sem ríkir í opinberri stjórnarsýslu. Sérstök áhersla er lögð á trúnaðarmannakerfið og hvernig nota má það til að styrkja velferð og vellíðan á vinnustað. Fjallað um lög um opinbera starfsmenn og mikilvægi góðs undirbúnings starfsmanns þegar sótt er um starf hjá

ríkinu. Lögð áhersla á að starfsmenn skilji mikilvægi góðrar og farsællar innkomu í starf og ábyrgð þeirra á því að það takist.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Kjarni 4 - Framkvæmd þjónustunnar

Þjónustuáætlanir

Stundafjöldi:

10 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur fái kynningu á;

- grundvallaratriðum í þarfagreiningu við gerð stöðu- og þjónustumats,
- grundvallaratriðum við gerð þjónustuáætlunar fyrir fólk sem býr við fötlun,
- grundvallaratriðum sem ber að hafa í huga við framkvæmd þjónustuáætlana fyrir fólk sem býr við fötlun.

Námsefni:

Fjallað um viðurkennd vinnubrögð hvað varða þjónustu við fólk sem býr við fötlun.

Einnig fjallað um vinnulag við eftirfylgd þjónustunnar þannig að hún skili sér í bættum lífsgæðum fyrir þá sem hennar eiga að njóta.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Búseta

Stundafjöldi:

12 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur kunni að umgangast og leiðbeina fólki á eigin heimili og séu færir um að sinna og aðstoða það við athafnir daglegs lífs. Að þeir geti framfylgt þeirri hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar og þannig stuðlað að auknum lífsgæðum íbúa. Að nemendur þekki helstu úrræði á sviði búsetu, svo sem heimili fyrir börn, vistheimili, sambýli, þjónustuíbúðir, kjarna o.fl.

Námsefni:

Lögð er áhersla á einstaklinginn, heimilið og nánasta umhverfi. Rætt um mikilvægi aðstoðar til sjálfshjálpar í þjónustu við fólk með fötlun. Farið í þætti eins og einstaklingsmiðaða þjónustu, sjálfsákvörðunarrétt og trúnað. Fjallað um hlutverk starfsmanns á heimili notanda, annars vegar hvað varðar heimilisverk, heimilisbrag og fjármuni og hins vegar þjónustu/starf inn á heimili annarra, þar sem virðing fyrir einkalífi íbúa er í öndvegi.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Atvinna**Stundafjöldi:**

8 kennslustundir

Markmið:

Að nemendur kynnist almennu þjónustukerfi samfélagsins í atvinnumálum og fái yfirsýn yfir ríkjandi þjónustukerfi í atvinnumálum fyrir fatlaða.

Að nemendur þekki hvernig sótt er um dagþjónustu/atvinnu í sértækri þjónustu við fatlaða.

Að nemendur þekki hvaða þjónustu boðið er upp á í einstökum þáttum sértækrar þjónustu í atvinnumálum fatlaðra.

Námsefni:

Hlutverk Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana kynnt og áherslur sem þær hafa í sínum málaflokkum skoðaðar.

Þjónustuferlinu lýst frá því að sótt er um þjónustu í félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags og hvernig hún tengist svæðisskrifstofum fatlaðra. Hver og einn þjónustuþáttur skoðaður, meðal annars dagvist/hæfing, verndaðir vinnustaðir, starfsþjálfun og atvinna með stuðningi.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Endurmenntun og fullorðinsfræðsla

Stundafjöldi:

8 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur fái kynningu á þeirri menntun og fræðslu sem fólk með fötlun hefur kost á að nýta sér eftir að formlegri skólagöngu lýkur. Að nemendur fái innsýn í mikilvægi menntunar og fræðslu eftir að skólaskyldu lýkur og geti bent á leiðir í þeim efnum.

Námsefni:

Gerð grein fyrir stefnu fræðsluyfirvalda í menntunar- og fræðslumálum fullorðinna. Farið í þá hugmynda- og kennslufræði sem liggur að baki fræðslu til fólks með fötlun eftir að formlegri skólagöngu lýkur.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Fristundir

Stundafjöldi:

8 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur geri sér grein fyrir auknu vægi frístunda í daglegu lífi fólks, mikilvægi tómskundastarfs á mismunandi aldurs skeiðum í nútíma þjóðfélagi og möguleikum þess í þjónustu við fólk með fötlun í leik og starfi. Að nemendur öðlist færni í að skipuleggja tómskundastarf og kunnir góð skil á sértækum og almennum leiðum í frístundastarfi. Að nemendur geti aðstoðað skjólstaðinga sína við að nýta sér þá möguleika sem í boði eru á hverjum tíma.

Námsefni:

Fjallað um helstu hugtök og þjónustuleiðir á sviði frístunda. Kynntir eru helstu frístundamöguleikar og nemendur hvattir til að vera skapandi í hugsun við skipulag frístunda með þarfir mismunandi einstaklinga að leiðarljósi.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.